

Hörgársveit

Fréttabréf

4. árg., 6. tbl., 11. mars 2013

UPPLÝSINGAFUNDUR um úrgangsmál

Hlíðarbæ, miðvikudaginn 13. mars 2013 kl. 20:00

- 1) Fundarsetning: **Hanna Rósa Sveinsdóttir**
- 2) Kynning á „Skipulag sorphirðu“ og kostnaður við úrgangsmál: **Guðmundur Sigvaldason**
- 3) Skipulag úrgangsmála í héraðinu: **Ólöf Harpa Jósefsdóttir**, forstöðumaður Flokkunar ehf.
- 4) Almenn sorphirða í sveitarfélaginu: **Helgi Pálsson**, rekstrarstjóri Gámaþjónustu Norðurlands ehf.

Álagningarseðlar fasteignagjalda 2013

eru á vefnum island.is og greiðsluseðlar eru í heimabanka

Meginreglan á útsendingu seðlanna „á pappír“ er sú að allir gjaldendur, sem eru 67 og eldri á þessu ári fá seðlana senda, en ekki þeir sem eru 66 ára og yngri. En . . .

- þeir sem eru 67 ára og eldri og ekki vilja fá seðlana senda þurfa að láta vita um það

- þeir sem eru 66 ára og yngri og vilja fá seðlana senda þurfa að láta vita um það

Hugsanlegt er að einstaka tilkynning hafi ekki komist á réttan stað í fyrra, svo að í undantekingartilvikum getur þurft að endurtaka slíka tilkynningu.

Eindagi fyrstu greiðslu fasteignagjalda 2013 er 5. apríl 2013

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475
Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is
Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri
Veffang: www.horgarsveit.is

Breyting á skráningu gjaldendahlutfalla

Undanfarin ár hafa bæði eignarhlutföll og gjaldendahlutföll fasteigna verið skráð hjá sýslumanni um leið og þinglýsing fer fram. Nú er að verða breyting á þessu, þannig að einungis verða skráð eignarhlutföll fasteigna. Sú skráning er grundvöllur álagningar fasteignagjalda.

Ef fasteignagjöld eiga að greiðast á annan hátt en eignarhlutföll segja til um þarf að tilkynna um það til skrifstofu sveitarfélagsins.

Eyðublað til að tilkynna um önnur gjaldendahlutföll en eignarhlutföll fasteigna er á heimasíðu sveitarfélagsins, sjá www.horgarsveit.is/Stjórnsýsla/Eyðublöð.

Spjallfundur ferðapjónustuaðila – breyttur tími

Ferðapjónustuaðilum í Hörgársveit er boðið til spjallfundar í Leikhúsinu, Möðruvöllum fimmtudaginn 14. mars kl. 17⁰⁰
Hugmyndir eru uppi um aukið samráð og samstarf. Öllum sem starfa að ferðapjónustu á einhvern hátt er boðið að koma til skrafs og ráðagerða.

Veiðifélag Hörgár

Aðalfundur Veiðifélags Hörgár og vatnasvæðis hennar verður haldinn í Leikhúsinu á Möðruvöllum fimmtudaginn 21. mars kl. 20:30.
Venjuleg aðalfundardagskrá. Arðgreiðsluhafar hvattir til að mæta
Stjórnin

Styrkir til eflingar atvinnulífs

Auglýst er eftir umsóknum um styrk/styrkir til verkefna sem styðja atvinnulíf í Hörgársveit.
Umsóknum skal skilað á skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið horgarsveit@horgarsveit.is merkt „Styrkumsókn“ fyrir kl. 24⁰⁰ þ. 4. apríl.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 20. mars í Þelamerkurskóla
Dagskrá fundarins mun birtast á www.horgarsveit.is síðdegis 18. mars